

Miðvikudaginn 24. október 1990.

Nr. 207/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Ingimar Skúla Sævarssyni

(Kristján Stefánsson hdl.).

Líkamsmeiðing. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. maí 1990 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Verjandi krefst aðallega sýknu, en til vara, að ákærða verði ekki gerð sérstök refsing, og til þrautavara, að ákvörðun um refsingu verði frestað með skilyrðum.

Með vísan til 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981 og 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955 þykir með skírskotun til forsendna héraðsdóms bera að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ingimar Skúli Sævarsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. mars 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 27. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómarar, kveðinn

upp dómur í sakadómsmálinu nr. 186/1990: Ákærvaldið gegn Ingimar Skúla Sævarssyni, sem tekið var til dóms þann 23. mars sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. febrúar sl., á hendur ákærða, „Ingimar Skúla Sævarssyni, Álakvísl 5, Reykjavík, fæddum 13. september 1962, fæðingarnúmer 246, fyrir líkamsárás, með því að hafa, aðfaranótt 5. júlí 1987, við veitingahúsið Þórscafé, Brautarholti 20, Reykjavík, slegið Sæmund Eiddsson, fæddan 16. júní 1961, í höfuðið með áfengisflösku með þeim afleiðingum að hann féll í götuna og síðan sparkað einu sinni í höfuð hans, þar sem hann lá í götunni. Afleiðingar þessarar árásar urðu þær, að Sæmundur kinnbeinsbrotnaði vinstra megin og bólgaði mikið í andliti, í báðum augum blæddi undir sjónhimnu og 1½ sm skurður opnaðist á vinstri kinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta, verði þeirra krafist.“

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 5. júlí 1987 kl. 3.17 var lögreglan í Reykjavík kvödd að skemmtistaðnum Þórscafé. Hittu lögreglumenn þar Kristin Pedersen aðstoðarvarðstjóra, sem þar var á vakt í þjófaeftirliti. Kvaðst hann hafa séð ákærða slá Sæmund Eiddsson með flösku, eftir að hann hafði dottið í götuna, og síðan sparkað í andlit hans. Kærandi var fluttur á slysadeild Borgarspítalans, og er áverkavottorð dagsett 15. nóvember 1989, svohljóðandi:

„Þann 05.07.87 kl. 3.35 leitaði á slysadeild Borgarspítalans maður er kvaðst heita Sæmundur Eiddsson, f. 16.06.61-4379 til heimilis að Smyrilsbólum 4, Reykjavík. Sæmundur upplýsti að hann hefði verið sleginn í höfuðið með flösku og sparkað hefði verið í andlit sér. Hann kvartaði yfir eymslum yfir kjálka og kinnbeinum og kvartaði jafnframt yfir bitskekkju.

Við skoðun kom í ljós mikil bólga í andliti, bæði yfir hægri og vinstra kinnbeini, einnig var Sæmundur með glóðarauga á báðum augum. Hann var með um 1½ cm langan skurð á vinstri kinn. Veruleg bólga var á augnalokum báðum megin og átti Sæmundur erfitt með að opna augun. Jafnframt greindust blæðingar undir sjónhimnu í báðum augum. Við skoðun kom jafnframt í ljós að sjúklingur átti verulega erfitt með að opna munninn.

Fengin var röntgenrannsókn af andlitsbeinum og kjálka og *greindist kinnbeinsbrot vinstra megin.*

Sjúklingur var síðan lagður inn á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans til meðferðar. Þann 07.07.87 var í svæfingu gert að kinnbeinsbroti vinstra megin. Sæmundur útskrifaðist síðan af háls-, nef- og eyrnadeild

Borgarspítalans þann 08.07.87 og var ráðgert að hann kæmi til eftirlits á göngudeild háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans.

Það vottast að áverkni sá er Sæmundur hefur orðið fyrir hefur getað hlotist á þann hátt sem hann hefur upplýst. Sæmundur varð fyrir verulegum áverka í andliti og kinnbeinsbroti vinstra megin, en áverkinn hefur ekki verið lífshættulegur.

Ólíklegt er að um varanleg mein af áverka þessum verði að ræða.“

Ákærði var yfirheyrður hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 5. júlí 1987 og gaf skýrslu fyrir dómi þann 23. mars sl.

Kvaðst ákærði hafa verið á veitingastaðnum Þórscafé, en ekki lent í rýskingum þar inni, en maður hefði veist að sér, en ekki hefði komið til átaka. Ákærði kvaðst hafa farið út, eftir að dansleik lauk, og kvaðst hann hafa drukkið úr flösku, sem hann hafði meðferðis. Kvaðst ákærði allt í einu hafa verið sleginn í andlit, og kvaðst hann hafa vankast við það. Kvaðst ákærði hafa hálfvegis dottið, og sá, sem sló hann, hefði gert sig líklegan til að ráðast á ákærða. Kvaðst ákærði hafa slengt flöskunni frá sér, sem hefði lent á höfði mannsins. Kvaðst ákærði hafa verið hræddur og hafa gert þetta í varnarskyni. Ákærði kannaðist ekki við að hafa sparkað í manninn liggjandi.

Ákærði kvaðst ekki hafa þekkt manninn, og ekki kvaðst hann vera viss um, að þetta hefði verið sami maður og veittist að honum inni. Ákærði kvaðst hafa hlotið áverka, hefði kvarnast úr tönn og hann bólгнаð á öðru eyra.

Kærandi, Sæmundur Eiðsson, kt. 160661-4379, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 13. júlí 1987 og kom fyrir dóm þann 23. mars sl. Vitnið kvaðst hafa setið við borð í Þórscafé, og hefði ákærði verið með ónæði. Að sögn vitnisins sló ákærði vitnið niður af stól með hnefahöggi í andlitið. Kvaðst vitnið hafa séð ákærða fyrir utan, eftir að dansleik lauk, og var vitnið visst um, að um sama mann var að ræða og sló vitnið inni á dansleiknum. Vitnið kvaðst hafa slegið ákærða eitt högg í andlitið. Vitnið kvað ákærða síðan hafa slegið sig með flösku í andlitið, og kvaðst vitnið síðan ekki muna neitt eftir það, fyrr en verið var að koma því inn í sjúkrabifreið. Vitnið mundi ekki eftir því, að sparkað hefði verið í andlit þess. Vitnið mundi ekki, hvort ákærði lá við höggið eða ekki. Vitnið var visst um, að það hefði einungis slegið ákærða eitt högg. Vitnið kvað, að verið gæti, að það hefði farið á eftir ákærða, er hann hrasaði við höggið. Þá kvað vitnið ekki útilokað, að það hefði ætlað að fylgja hnefahögginu eftir með frekari slagsmálum. Vitnið kvað, að allt hefði gerst mjög snögg, þ.e.a.s., frá því að vitnið veittist að ákærða og ákærði sló vitnið. Vitnið kvaðst hafa verið vel undir áhrifum áfengis þetta kvöld. Vitnið kvaðst vera 180 cm á hæð og 85 kg að þyngd.

Vitnið hafði ekki tekið ákvörðun um, hvort það gerði skaðabótakröfu í málinu.

Vitnið Kristinn Pedersen, kt. 300548-7099, gaf ekki skýrslu hjá RLR fyrr en þann 4. janúar sl. og kom fyrir dóm þann 23. mars sl. Hjá RLR er bókað, að vitnið lesi yfir lögregluskýrslu. Kvaðst vitnið hafa séð þann atburð, sem skýrslan fjallar um. Kvaðst vitnið hafa verið í ómerktri lög-reglubifreið við Þórscafé og veitt athygli tveimur ölvuðum mönnum og séð, hvar annar þeirra hefði slegið hinn með áfengisflösku í höfuðið. Hefði flaskan brotnað við höfuðhöggið og árásarþolinn hnigið niður. Kvaðst vitnið hafa farið út úr lögreglubifreiðinni og í áttina að árásarmanninum og þá séð, hvar hann sparkaði einu sinni í höfuð mannsins, sem lá á jörð-inni.

Fyrir dómi skýrði vitnið hins vegar svo frá, að það myndi ekki vel eftir málsatvikum. Kvaðst vitnið, er það gaf skýrslu hjá RLR, rétt hafa rámað í málið, en það hefði rifjast upp fyrir sér, er það fékk að lesa lögregluskýrsluna. Vitnið kvaðst hafa séð átök fyrir utan Þórscafé, og virtist vitninu, að verið væri að kljást um áfengisflösku. Kvað vitnið annan manninn hafa fallið niður, en vitnið gat ekki fullyrt, hvort hann hefði verið sleginn með áfengisflösku í höfuðið. Hefði hinn maðurinn síðan sparkað í þann, er lá, föstu sparki, og virtist vitninu það koma við höfuð mannsins, en vitnið gat ekki alveg fullyrt, hvar sparkið lenti. Vitnið kvaðst hafa verið 2 til 3 metra frá átökunum og kvaðst hafa haft góða yfirsýn yfir svæðið. Vitnið kvað bifreiðina hafa snúið í austur og verið við hægri vegarbrún, og kvaðst vitnið hafa séð atburðinn úr ökumannssæti í gegnum hliðarrúðu hægra megin.

Vitnið Guðlaugur Jakob Ragnarsson, kt. 231162-3489, kom fyrir dóm þann 23. mars sl.

Vitnið kvaðst vera kunningi ákærða. Kvaðst vitnið ekki hafa verið undir miklum áfengisáhrifum og kvaðst hafa hitt ákærða af og til (sic) inni á dansleiknum og ekki hafa orðið vart við neitt rífrildi. Kvaðst vitnið, eftir að dansleik lauk, hafa staðið á tröppunum utan húss, en ákærði hefði verið aðeins neðar. Að sögn vitnisins ruddist einhver fram hjá vitninu að ákærða og sló hann 2 til 3 sinnum í höfuð. Kvað vitnið, að ákærði hefði fallið við og slengt hendinni frá sér með þeim afleiðingum, að áfengisflaska, sem hann hélt á, lenti á andliti mannsins. Vitnið varð ekki vart við, að sparkað hefði verið í höfuð mannsins. Vitnið kvað þetta allt hafa gerst mjög fljótt. Kveðst vitnið í beinu framhaldi af þessu hafa farið á lögreglustöðina til þess að gefa skýrslu, en því hefði ekki verið sinnt. Vitnið minnti, að nafn þess hefði verið skrifað niður.

Niðurstöður.

Í máli þessu er upplýst, að kærandi veittist að ákærða með hnefahöggi

í andlit fyrir utan umræddan veitingastað. Þá telst jafnframt með fram-
burði ákærða og vitna í máli þessu sannað, að ákærði veitti kæranda
áverka í andlit með því að brjóta áfengisflösku á höfði hans. Hins vegar
þykir ekki fram komin næg sönnun þess, að ákærði hafi sparkað í andlit
kæranda, og verður hann sýknaður af því ákæruatriði. Hins vegar urðu
afleiðingar árásarinnar slíkar að brot ákærða varðar við 1. mgr. 218. gr.
almennra hegningarlaga.

Ekki verður á það fallist, að um neyðarvörn af hálfu ákærða hafi verið
að ræða, enda voru varnaraðgerðir ákærða auglýsilega hættulegri en árás
kæranda gaf tilefni til. Hins vegar veittist kærandi að ákærða, að því er
virtist, af tilefnislitlu, og verður við ákvörðun refsingar ákærða að hafa
hliðsjón af því.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann árið 1983 sektaður fyrir
ölvunarakstur og sviptur ökuleyfi í 3 mánuði, og árið 1985 var hann einnig
sektaður fyrir sams konar brot og sviptur ökuleyfi ævilangt. Þann 14.4.
1988 var ákærða veitt heimild til ökuleyfis á ný.

Lögreglurannsókn máls þessa hefur dregist á langinn, og ber að átelja
þann drátt.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin
varðhald í 20 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður
falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt
skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin máls-
varnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hdl., kr.
25.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ingimar Skúli Sævarsson, sæti varðhaldi í 20 daga, en
fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 ár-
um frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr.
almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun
skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hdl., kr. 25.000.